

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps eftirfarandi breytingu á deiliskipulagsáætlun:

Teigarhorn – fólkvangur og náttúruvætti – lagning ljósleiðara.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 14. maí 2020 breytingu á deiliskipulagi í landi Teigarhorns. Deiliskipulagsbreytingin (dags. 6. mars 2020) felur í sér lagningu stofnlagnar (1,5 km) og heimtauga ljósleiðara (680 m) um fólkvanginn og náttúruvættið frá landamerkjum í austri að tengivirki RARIK á Teigum.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, 19. júní 2020,

Páll Jakob Líndal.

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2020